

Skólanefndarfundur 22.01.2015

Mættir: Jórunn Einarsdóttir, Trausti Hjaltason, Sigurlaug Björk Böðvarsdóttir, Jóhanna Ýr Jónsdóttir, Gunnar Friðfinnsson, Hafsteinn Gísli Valdimarsson, Arndís María Kjartansdóttir, Margrét Lilja Magnúsdóttir og Helga Kristín Kolbeins
Settur skólameistari bauð fundarmenn velkomna og stjórnaði fundi.

Dagskrá:

1. Skólastarfið
2. Skólanámskrá

Skólastarfið

A. Rekstur

Sjálfsmatsskýrsla fyrir árið 2014 var sett á heimasíðu skólans og skilað til MRN í febrúar. Ársskýrsla fyrir árið 2014 var sett á heimasíðu skólans og skilað til MRN í febrúar. Rekstraráætlun var ekki formlega samþykkt fyrr en 6. mars 2015 og er hún innan fjárheimilda.

Skuld við ríkissjóð hefur lækkað um rúmar 5.000.000. Er nú rúmlega 21.000.000 kr. Staða allra framhaldsskóla um síðustu áramót var: -352 m.kr.

Skólameistari ítrekar að það sé gríðarlega mikilvægt að áform um aðhald í umfangi og hækkun nemendaframlaga gangi eftir.

Uppgjör vegna starfsbrautar liggur ekki fyrir og ekki er gert ráð fyrir að það komi fyrir en í maí.

Framlag til starfsbrauta, á núvirði
-2007 500 m.kr.
-2015 1.200 m.kr.

Á móti þessu hafa ekki komið sértækar hækkanir vegna starfsbrauta.

Fjárlagagerð 2016 – frumvarp til laga um opinber fjármál, umgjörðin breytist.

B. Starfsmannahald

Skólameistari fór yfir þær breytingar sem hafa verið gerðar í starfsmannmálum skólans.

C. Nemendur

Gert er ráð fyrir 214 nemendaígildum á árinu 2015. Skólameistari sendi gögn til MRN í byrjun febrúar þar sem kom fram að nemendaígildin yrðu fleiri. Hann fékk bréf frá ráðuneytinu 02.03.2015 þar sem var ítrekað að fjárframlög gerðu ráð fyrir 214

nemendaígildum og að fjármagnið yrði ekki aukið. Jafnframt voru ítrekaðar reglur um forgangs röðun við innritun skv. reglugerð nr.204/2012.

3. Skólanámskrá

Kynning á nýrri skólanámskrá er hafin og kennsla hefst skv. henni næsta haust. Skólameistari kynnti nýja námskrá.

*Helga Kristín Kolbeins
skólameistari*